

## Skipulags- og samgönguráð

Ár 2020, miðvikudaginn 11. nóvember kl. 09:04, var haldinn 88. fundur skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð Ráðssal. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundabúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 230/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skv. VI. bráðabirgðarákvæði sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011: Pawel Bartoszek, Alexandra Briem, Hjálmar Sveinsson, Ragna Sigurðardóttir, Eyþór Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir, Katrín Atladóttir og áheyrnarfulltrúarnir Vigdís Hauksdóttir, Kolbrún Baldursdóttir og Daníel Örn Arnarsson. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Björn Axelsson, Þorsteinn Rúnar Hermannsson og Jóhanna Guðjónsdóttir. Fundarritari var Glóey Helgudóttir Finnsdóttir.

### Petta gerðist:

#### (D) Ýmis mál

1. Framlengd heimild til notkunar Mál nr. US200205  
fjarfundabúnaðar,

Lagt fram bréf borgarstjórnar Reykjavíkur til nefnda og ráða Reykjavíkurborgar þar sem fram kemur að borgarstjórn samþykkti þann 3. nóvember sl. tillögu um framlengingu á heimild til frávika frá skilyrðum sveitarstjórnarlaga vegna neyðarástands í sveitarfélagi. Einnig er lögð fram auglýsing, dags. 3. nóvember 2020, um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra til að tryggja starfhæfi sveitarstjórna og auðvelda ákvörðunartöku við stjórn sveitarfélaga nr. 1076/2020 og auglýsing um leiðbeiningar um notkun fjarfundabúnaðar á fundum sveitarstjórna nr. 1140/2013.

#### (E) Samgöngumál

2. Strætóstoppistöðvar í Reykjavík - úttekt Mál nr. US200401  
að aðgengi fyrir alla, kynning

Kynntar helstu niðurstöður úttektar umhverfis- og skipulagssviðs á ástandi og aðgengi fyrir alla á strætóstoppistöðvum í Reykjavík.

Bjarni Rúnar Ingvarsson verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Við þökkum þessa góðu vinnu sem mun nýtast í því að gera strætósamgöngur í Reykjavík aðgengilegar fyrir alla.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Þegar keyrt er um Reykjavík má víða sjá mjög dapurt ástand á strætóstoppistöðvum. Víða er að finna eldgömul skýli á meðan á öðrum stöðum er útlitið mjög „fancy“. Á sumum stöðum er bara einungis einn staur sem stendur á malarbing út í móa. Ekki er að finna heildstæða sýn og útlit á strætóstoppistöðvum og skýlum við þær sem er grundvallarforsenda almenningssamgangna. Þetta birtist eins og það séu mörg fyrirtæki sem bjóða upp á almenningssamgöngur í borginni. Nú er það nýjasta að koma strætóstoppistöðvum út á miðjar götur eins og í Geirsgötu og á hringtorgum eins og á Hagatorgi. Afar áriðandi er að koma þessum málum í lag í úthverfum borgarinnar og setja þau í algeran forgang þegar verkefnið fer í framkvæmd.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Boðað er átak í að bæta aðgengi að strætóstoppistöðvum fyrir fatlað fólk. Betra hefði verið að fá kynninguna fyrir fundinn svo fulltrúar hefðu getað undirbúið sig. Staðan er slæm á meira en 500 stöðum. Eiginlega er, samkvæmt kynningunni, aðgengi hvergi gott. Þessi mál hafa verið í miklum ólestri svo lengi sem er munað, aðgengi er slæmt á flestum strætóstoppistöðvum í Reykjavík. Loksins á að fara í úrbætur og ber því að fagna vissulega. Þarfir fatlaðs fólks í umferðinni hefur ekki verið forgangsmál árum saman. Í raun má segja að strætó hafi ekki verið ætlað fötluðu fólki. Strætó sem almenningssamgöngur hefur ekki verið raunhæfur kostur fyrir fatlað fólk og þess vegna eru almenningssamgöngur lítið notaðar af hreyfihömluðu fólki og sjónskertu og blindu fólki. Ástandið er það slæmt að reikna má með löngum tíma til að gera ástandið viðunandi hvað þá fullnægjandi. Engar hugmyndir eru um hversu langan tíma þetta á eftir að taka.

3. Aðgerðaáætlun um úrbætur á strætóstoppistöðvum, tillaga

Mál nr. US200410

Lagt fram bréf skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar dags. 9. nóvember 2020, þar sem fram kemur tillaga samgöngustjóra um að unnin verði aðgerðaáætlun um úrbætur á strætóstoppistöðvum á grundvelli úttektar á ástandi þeirra og aðgengi fyrir alla.

Tillagan er svohljóðandi:

Lagt er til að skipulags- og samgönguráð samþykki að gert verði átak í úrbótum á strætóstoppistöðvum í Reykjavík á grundvelli úttektar á ástandi þeirra og aðgengi fyrir alla. Umhverfis- og skipulagssviði í samráði við aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks í Reykjavík og hagsmunaaðila verði falið að vinna aðgerðaáætlun. Tillaga að aðgerðaáætlun úrbóta á strætóstoppistöðvum verði lögð fyrir skipulags- og samgönguráð og aðgengis- og samráðsnefnd í febrúar 2021. Fjármagn í aðgerðaáætlun verði tryggt á fjárfestingaráætlun þegar hún liggur fyrir.

Samþykkt.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Góð greiningarvinna sem unnin var í samráði við ÖBÍ að frumkvæði fulltrúa meirihlutans liggur fyrir og sýnir að víða þarf að stórbæta aðgengi að strætóstoppistöðvum. Nú leggjum við til að verkefnum verði forgangsraðað til að hægt sé að ráðast sem fyrst í þær úrbætur sem brýnast eru. Strætó á að vera aðgengilegur öllum.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Mikilvægt er að gera úrbætur í aðgengismálum strætóstoppistöðva í borginni, enda eru þau víða óviðunandi. Rétt er að vinna endanlega tímasetta úrbótaáætlun í nánú samráði við Strætó, ekki síst vegna boðaðra breytinga á leiðakerfinu á næstu misserum. Þá ítreka fulltrúar Sjálfstæðisflokks tillögu sína um upphitaða stíga, en heitir snjóbræðslustígar myndu stórbæta aðgengi að gangstígum í hálfu og vetrarverði, og þar með stórbæta aðgengi að strætóstoppistöðvum borgarinnar. Er þess óskað að tillagan verði skoðuð við úrbótavinnu í aðgengismálum. Einnig skal hafa í huga að koma fyrir hjólabogum þar sem hægt er.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Boðað er átak í að bæta aðgengi að strætóstoppistöðvum fyrir fatlað fólk. Betra hefði verið að fá kynninguna fyrir fundinn svo fulltrúar hefðu getað undirbúið sig. Staðan er slæm á meira en 500 stöðum. Eiginlega er, samkvæmt kynningunni, aðgengi hvergi gott. Þessi mál hafa verið í miklum ólestri svo lengi sem er munað, aðgengi er slæmt á flestum strætóstoppistöðvum í Reykjavík Loksins á að fara í úrbætur og ber því að fagna vissulega. Þarfir fatlaðs fólks í umferðinni hefur ekki verið forgangsmál árum saman. Í raun má segja að strætó hafi ekki verið ætlað fötluðu fólki. Strætó sem almenningssamgöngur hefur ekki verið raunhæfur kostur fyrir fatlað fólk og þess vegna eru almenningssamgöngur lítið notaðar af hreyfihömluðu fólki og sjónskertu og blindu fólki. Ástandið er það slæmt að reikna má með löngum tíma til að gera ástandið viðunandi hvað þá fullnægjandi. Engar hugmyndir eru um hversu langan tíma þetta á eftir að taka.

4. Reglur um sérmerkt bílastæði erlendra sendiráða., tillaga, USK2020060117 Mál nr. US200227

Lögð fram tillaga skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags. 30. október 2020, að endurskoðuðum reglum um sérmerkt bílastæði erlendra sendiráða.

Samþykkt.

#### (A) Skipulagsmál

5. Afgreiðslufundir skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, fundargerð Mál nr. SN010070

Lagðar fram fundargerðir embættisafgreiðslufunda skipulagsfulltrúa frá 23. og 30. október 2020.

6. Suður Mjódd, breyting á deiliskipulag (04.91) Mál nr. SN200543

Lögð er fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Suður Mjóddar er varðar lóðina Álfabakka 4 sem felst í að skipta henni í tvær lóðir sem fengu þá heitin Álfabakki 4 og 6, samkvæmt uppdr. Teiknistofunnar Stord, dags. 5. nóvember 2020. Breytingin er tilkomin vegna vilyrðis um lóðarúthlutun fyrir starfsemi Garðheima í Breiðholti sbr. samþykki Borgarráðs í júní 2020. Einnig er lögð fram umsögn samgöngustjóra og borgarhönnunar dags. 16. október 2020.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vísað til borgarráðs.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Tillaga sem lögð er fram á deiliskipulagi Suður Mjóddar er varðar lóðina Álfabakka 4 sem felst í að skipta henni í tvær lóðir, Álfabakka 4 og 6 er jákvæð en breytingin er tilkomin vegna vilyrðis um lóðarúthlutun fyrir starfsemi Garðheima. Fulltrúi Flokks fólksins hefur verið með tillögur um endurnýjun Mjóddarinnar, endurskoðun og endurgerð, lífga upp á verslunarkjarnann og stórbæta aðgengi og aðkomu. Færa þarf Mjóddina í nútímalegra horf sem hentar hagsmunum borgarbúa í dag. Til dæmis með því að endurgera og snyrta þau grænu svæði sem þarna eru með það að leiðarljósi að laða að þeim fólk. Einnig að hlutast til um uppsetningu hjólastæða fyrir rafhjól og hefðbundin hjól, setja upp hleðslustöðvar fyrir bíla og koma því húsnæði sem er í eigu borgarinnar á svæðinu í notkun. Það er von fulltrúa Flokks fólksins að endurgerð heildarmyndar Mjóddar dragist ekki von úr viti.

Björn Ingi Edvardsson verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

7. Elliðaárvogur/Ártúnshöfði svæði 1, (04.0) Mál nr. SN170899  
deiliskipulag, kynning

Kynnt drög að tillögu ASK Arkitekta að deiliskipulagi fyrir Elliðaárvog/Ártúnshöfða svæði 1 - Krossamýrartorg.

Björn Guðbrandsson frá ARKÍS, Þráinn Hauksson frá Landslagi, Páll Gunnlaugsson frá ASK arkitektum og Halldór Eyjólfsson frá Klasa taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Nýtt deiliskipulag fyrir Ártúnshöfða og Elliðaárvoga gefur fyrirheit um fallega og græna byggð sem leggst að landslaginu sem fyrir er. Fyrirhuguð er mannvæn blönduð byggð þar sem áhersla er lögð á vistvæna ferðamáta. Tenging við sjávarsíðuna er mikilvæg og fyrirhuguð sundlaug við sjávarborðið mjög spennandi. Meirihlutinn fagnar þeirri framúrstefnulegu og grænu heildarmynd sem sett er fram og þeirri umbreytingu sem framundan er.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Gríðarleg og stórkaraleg uppbygging er í kortunum í Elliðaárvogi og Ártúnshöfða og áætlað er að borgarlína eigi að liggja í gegnum Breiðhöfða í Reykjavík þar sem fyrir eru fjöldamörg fyrirtæki og þá einkum bílasölur. Nú er verið að kynna deiliskipulag fyrir þetta svæði og má öllum vera ljóst að öllum fyrirtækjum á svæðinu verður úthýst. Sú staðreynd er nákvæmt dæmi um að borgarstjóra og meirihlutanum er nákvæmlega sama um rekstraraðila í borginni. Það er verið að flæma fjöldamörg fyrirtæki í önnur bæjarfélög að undanskildum mengandi rekstri á Esjumelum sem er í eigu borgarinnar. Eina skipulagða atvinnusvæði Reykjavíkur er þar og sá rekstur sem nú er á Breiðhöfða gengur ekki á Esjumelum vegna fjarlægðar við markaði. Í engu hefur verið sinnt að deiliskipuleggja atvinnulóðir á Úlfarsfellssvæðinu, þess hluta sem nefnist Hallar og Hamrahlíðarlönd eins og samþykkt var í aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024. Sú atvinnustarfsemi sem nú er á Breiðhöfðanum hefði passað mjög vel á þeim atvinnulóðum og væri meira miðsvæðis en á Esjumelum.

8. Elliðaárvogur/Ártúnshöfði svæði 2, (04.0) Mál nr. SN170900  
deiliskipulag, kynning

Kynnt drög að tillögu Arkís arkitekta og Landslags að deiliskipulagi fyrir Elliðaárvog/Ártúnshöfða svæði 2 - Sævarhöfði.

Björn Guðbrandsson frá ARKÍS, Þráinn Hauksson frá Landslagi, Páll Gunnlaugsson frá ASK arkitektum og Halldór Eyjólfsson frá Klasa taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Nýtt deiliskipulag fyrir Ártúnshöfða og Elliðaárvoga gefur fyrirheit um fallega og græna byggð sem leggst að landslaginu sem fyrir er. Fyrirhuguð er mannvæn blönduð byggð þar sem áhersla er lögð á vistvæna ferðamáta. Tenging við sjávarsíðuna er mikilvæg og fyrirhuguð sundlaug við sjávarborðið mjög spennandi. Meirihlutinn fagnar þeirri framúrstefnulegu

og grænu heildarmynd sem sett er fram og þeirri umbreytingu sem fram undan er.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks leggja áherslu á að Reykjavíkurborg finni sameinuðum Tækniskóla viðeigandi lóð við Ártúnshöfðann. Skipulagsfulltrúi skilaði umsögn um staðarval fyrir skólann þann 7. nóvember 2019 og var það álit fulltrúans að staðsetning sameinaðs Tækniskóla á Ártúnshöfða myndi skapa spennandi tækifæri fyrir heildarskipulag og framtíðarþróun Reykjavíkurborgar. Staðsetningin væri í góðu samræmi við lykilstefnur AR2040, myndi fjölga atvinnutækifærum og menntastofnunum austarlega í borginni og glæða nýja hverfið auknu lífi. Það er mikilvægt að Reykjavíkurborg setji aukinn kraft í staðarvalið og tryggi að skólinn hverfi ekki úr borginni, til annarra sveitarfélaga. Hér er til mikils að vinna.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Gríðarleg og stórkaraleg uppbygging er í kortunum í Elliðaársvogi og Ártúnshöfða og áætlað er að borgarlína eigi að liggja í gegnum Breiðhöfða í Reykjavík þar sem fyrir eru fjöldamörg fyrirtæki og þá einkum bílasölur. Nú er verið að kynna deiliskipulag fyrir þetta svæði og má öllum vera ljóst að öllum fyrirtækjum á svæðinu verður úthýst. Sú staðreynd er nákvæmt dæmi um að borgarstjóra og meirihlutanum er nákvæmlega sama um rekstraraðila í borginni. Það er verið að flæma fjöldamörg fyrirtæki í önnur bæjarfélög að undanskildum mengandi rekstri á Esjumelum sem er í eigu borgarinnar. Eina skipulagða atvinnusvæði Reykjavíkur er þar og sá rekstur sem nú er á Breiðhöfða gengur ekki á Esjumelum vegna fjarlægðar við markaði. Í engu hefur verið sinnt að deiliskipuleggja atvinnulóðir á Úlfarsfellssvæðinu, þess hluta sem nefnist Hallar og Hamrahlíðarlönd eins og samþykkt var í aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024. Sú atvinnustarfsemi sem nú er á Breiðhöfðanum hefði passað mjög vel á þeim atvinnulóðum og væri meira miðsvæðis en á Esjumelum.

9. Jöfursbás 5 og 7, breyting á deiliskipulagi Mál nr. SN200658  
Helgi Mar Hallgrímsson, Laugateigur 46, 105 Reykjavík  
470920-2460 Jöfursbás 7 ehf., Katrínartúni 2, 105 Reykjavík

Lögð fram umsókn Helga Mars Hallgrímssonar dags. 21. október 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Gufuness, áfangi 1, vegna lóðanna nr. 5 og 7 við Jöfursbás. Í breytingunni felst að lóðir stækka, byggingarmagn eykst, hámarksfjöldi íbúða verður skilgreindur, stærðir svalaganga og lágmarks salarhæð verði ekki takmörkuð umfram kvaðir byggingarreglugerðar, fallið verður frá skilmálum um að efstu hæðir þurfi að vera inndregnar og þess í stað verður heimilt að hafa húsin stölluð og að heimilt verði að svalir og útskot nái 2 m út fyrir byggingarreit nema að götu, samkvæmt uppdr. Arkþing/Nordic ehf. dags. 19. október 2020. Einnig er lagt fram samþykki lóðarhafa aðliggjandi lóða dags. 18. og 30. september 2020.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.  
Vísad til borgarráðs.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Mikilvægt er að gætt sé jafnræðis þegar verið er að gera breytingar á skilmálum uppbyggingaraðila. Þetta á ekki síst við þá aðila sem hafa verið valdir að undangengnu vali eða fegurðarsamkeppni eins og dæmi eru um. Ekki eru í gildi ákveðnar reglur um breytingar á skilmálum eftir á, en dæmi eru um aukið byggingarmagn, stækkun lóða og ívilnanir varðandi kröfur og

skilmála gagnvart einstökum aðilum. Réttara er að rýmka almennar reglur frekar en að koma með ívilnanir til einstakra aðila eftir á.

Björn Ingi Edvardsson verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

10. Rökkvatjörn 10-16, breyting á (05.052.3) Mál nr. SN200620  
deiliskipulagi  
430789-1129 Eiríkur og Einar Valur ehf, Norðurbakka 17b, 220 Hafnarfjörður  
Einar Ólafsson, Hvassaleiti 39, 103 Reykjavík

Lögð fram umsókn Einars Ólafssonar dags. 7. október 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals vegna lóðarinnar nr. 10-16 við Rökkvatjörn. Í breytingunni felst að fækka einingum úr 4 einingum í 3 einingar og halda sama byggingarmagni og lóðarstærð, fækkun bílastæða um tvö á lóðinni úr 8 bílastæðum í 6 bílastæði, samkvæmt uppdr. Arkiteó, 3. nóvember 2020

Samþykkt að falla frá kynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda með vísan til 2. ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur nú skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs.

Hrafnhildur Sverrisdóttir verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

11. Kvosin, Landsímareitur, breyting á (01.140.4) Mál nr. SN200671  
deiliskipulagi  
440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík

Lögð fram umsókn THG Arkitekta ehf. dags. 28. október 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar, Landsímareits. Í breytingunni felst að heimildum fyrir gerð kjallara og nýtingu efri hæða aðlægt Vallarstræti er breytt að hluta til, einnig er bætt við byggingarreit fyrir sólstofu á 5. hæð samkvæmt uppdr. THG Arkitekta ehf. dags. 20. október 2020.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.  
Vísad til borgarráðs.

Lilja Grétarsdóttir verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

12. Brautarholt 18 og 20, lóðabreyting (01.242.2) Mál nr. SN200690

Lagður fram lóðauppdráttur umhverfis- og skipulagssviðs dags. 5. nóvember 2020 og breytingarblað umhverfis- og skipulagssviðs dags. 5. nóvember 2020 þar sem lagt er til að lóðirnar Brautarholt 18 og 20 verði minnkaðar og sameinaðar.

Samþykkt að falla frá kynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda með vísan til 2. ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur nú skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs.

Ingvar Jón Bates Gíslason verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

### **(B) Byggingarmál**

13. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa, Mál nr. BN045423  
fundargerð

Fylgiskjal með fundargerð þessari er fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 1089 frá 3. nóvember 2020.

14. Tunguvegur 12, bílskúr á lóð (18.223.03) Mál nr. BN057999  
Þorgrímur Þráinsson, Tunguvegur 12, 108 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja steinsteyptan bílskúr, mhl.02, á lóð nr. 12 við Tunguveg, samkvæmt uppdr. Önnu Leoniak dags. 26. júlí 2020 og 26. ágúst 2020. Erindi var grenndarkynnt frá 21. september 2020 til og með 19. október 2020. Eftirtaldir sendu inn athugasemdir: Jón Viðar Gunnarsson og Ellý Hauksdóttir Hauth dags. 25. september 2020, Björg Kristín Sigþórsdóttir 19. október 2020 og Helgi Kristján Pálsson dags. 19. október 2020.

Erindi fylgir samþykki meðlóðarhafa dags. 15. ágúst 2020, mæliblað 1.822.3 síðast útgefið 9. maí 2011 og hæðablað útgefið í ágúst 2001. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 30. október 2020.

Samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 30. október 2020.  
Vísad til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.

#### (D) Ýmis mál

15. Sólvallagata 23, kæra 106/2020 (01.162.0) Mál nr. SN200679  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Borgartúni 21, 105 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 30. október 2020 ásamt kæru dags. 28. október 2020 þar sem kærð er ákvörðun byggingarfulltrúa Reykjavíkur um að samþykkja byggingu bílskúrs á suðausturhluta lóðarinnar að Sólvallagötu 23.

16. Hverfisgata 73, kæra 108/2020 (01.153.2) Mál nr. SN200688  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Borgartúni 21, 105 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 5. nóvember 2020 ásamt kæru dags. 5. nóvember 2020 þar sem kærð er ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík um að veita byggingarleyfi fyrir Hverfisgötu 73, dags. þann 12. október 2020.

17. Gufuneshöfði, kæra 110/2020 (02.2) Mál nr. SN200691  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Borgartúni 21, 105 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 6. nóvember 2020 ásamt kæru dags. 6. nóvember 2020 þar sem kærð er m.a. útgáfa á byggingarleyfi fyrir mastur að Gufuneshöfða og deiliskipulagsbreyting frá 2019 þar af lútandi.

18. Kjalarnes, Esjumelar, kæra 96/2020, (34.2) Mál nr. SN200634  
umsögn  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Borgartúni 21, 105 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 9. október 2020 ásamt kæru dags. 9. október 2020 þar sem kærð er ákvörðun borgarráðs frá 2. júlí 2020 um að samþykkja breytingu á deiliskipulagi Esjumela á Kjalarnesi, sem öðlaðist gildi 11. september 2020. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 3. nóvember 2020.

19. Skólavörðustígur 31, kæra nr. 90/2020, (01.182.2) Mál nr. SN200614  
umsögn, úrskurður  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Borgartúni 21, 105 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 5. október 2020 ásamt kæru dags. 5. október 2020 þar sem kærð er ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík að samþykkja byggingarleyfisumsókn um viðbyggingu ásamt að gera inndregnar svalir á eldri hluta í húsi á lóð nr. 31 við Skólavörðustíg. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 8. október 2020. Jafnframt er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 5. nóvember 2020. Úrskurðarorð: Hafnað er kröfu kæranda um ógildingu ákvörðunar byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 8. september 2020 um að samþykkja umsókn um leyfi til að reisa viðbyggingu ásamt því að gera inndregnar svalir á eldri hluta hússins á lóðinni nr. 31 við Skólavörðustíg.

20. Skólavörðustígur 31, kæra nr. 91/2020, (01.182.2) Mál nr. SN200615  
umsögn, úrskurður  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Borgartúni 21, 105 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 5. október 2020 ásamt kæru dags. 4. október 2020 þar sem kærð er ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík að samþykkja byggingarleyfisumsókn um viðbyggingu á eldri hluta í húsi á lóð nr. 31 við Skólavörðustíg. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 8. október 2020. Jafnframt er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 5. nóvember 2020. Úrskurðarorð: Hafnað er kröfu kæranda um ógildingu ákvörðunar byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 8. september 2020 um að samþykkja umsókn um leyfi til að reisa viðbyggingu ásamt því að gera inndregnar svalir á eldri hluta hússins á lóðinni nr. 31 við Skólavörðustíg.

21. Reitur 1.172.0 Brynjureitur, breyting á (01.172.0) Mál nr. SN200573  
deiliskipulagi

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 30. október 2020 vegna samþykktar borgarstjórnar frá 20. október 2020 á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi reits 1.172.0, Brynjureits.

22. Reitur 1.172.1 Frakkastígsreitur, breyting (01.172.1) Mál nr. SN200572  
á deiliskipulagi

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 30. október 2020 vegna samþykktar borgarstjórnar frá 20. október 2020 á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi reits 1.172.1, Frakkastígsreits.

23. Laugavegur sem göngugata, nýtt (01.1) Mál nr. SN200577  
deiliskipulag

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 30. október 2020 vegna samþykktar borgarstjórnar frá 20. október 2020 á auglýsingu á tillögu að deiliskipulagi fyrir 2. áfanga Laugavegar sem göngugötu.

24. Reitur 1.172.2, breyting á deiliskipulagi (01.172.2) Mál nr. SN200571

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 30. október 2020 vegna samþykktar borgarstjórnar frá 20. október 2020 á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi reits 1.172.2.

25. Rökkvatjörn 2, breyting á deiliskipulagi (05.052.5) Mál nr. SN200532  
671113-0390 Urðarsel ehf., Logafold 35, 112 Reykjavík  
500191-1049 Arkþing - Nordic ehf., Bolholti 8, 105 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 29. október 2020 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals vegna lóðar nr. 2 við Rökkvatjörn.



26. Línbergsreitur, Grandagarði, breyting á deiliskipulagi Mál nr. SN190526  
430715-0970 Línberg ehf., Tjarnargötu 28, 101 Reykjavík  
420299-2069 ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 29. október 2020 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Örfirisey-Vesturhöfn, Línbergsreitur, vegna lóðanna nr. 16-32 við Fiskislóð og nr. 39-93 við Grandagarð.

27. Kjalarnes, Nesvík, deiliskipulag Mál nr. SN190734  
660504-2060 Plúsarkitektar ehf, Fiskislóð 31, 101 Reykjavík  
511202-3450 Íslenskar fasteignir ehf., Laugavegi 182, 105 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 29. október 2020 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á tillögu að deiliskipulagi fyrir Nesvík á Kjalarnesi.

28. Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, Mál nr. US200234  
um átak gegn hættulegu húsnæði í borginni, umsagnir - USK2020080048, R20080089

Lögð fram umsögn mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu ásamt minnisblaði, dags. 5. október 2020 og umsögn fjölmeningarráðs, dags. 15. október 2020.

Tillögunni er vísað frá með fjórum greiddum atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Rannsókn húsnæðis og mannvirkjastofnunar á brunanum á Bræðraborgarstíg stendur yfir og felur sú rannsókn m.a. annars í sér yfirferð á núgildandi regluverki. Í frumvarpi að breytingu á húsaleigulögum sem lagt hefur verið fram á Alþingi koma fram ýmsar tillögur sem gagnast gætu við viðtækara eftirlit með húsaleigumarkaðnum. Þá er ljóst að endurskoða gæti þurft heimildir byggingarfulltrúa og heilbrigðiseftirlits. Ekki þykir rétt að samþykkja tillöguna en Reykjavíkurborg mun starfa með Alþingi og öðrum stjórnvöldum með það að markmiði að bæta lagaumhverfið. Jafnframt þyrfti að líta til umsagnar fjölmeningarráðs og koma á framfæri upplýsingum um brunavarnir og réttindi leigjenda til Reykvíkinga með ólík móðurmál.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Flokkur fólksins lagði til að Reykjavíkurborg ráðist í átak gegn hættulegu húsnæði í borginni með áherslu á að efla brunavarnir í eldri húsum borgarinnar og aukið eftirlit með ósamþykktu íbúðarhúsnæði. Tillögunni hefur verið vísað frá. Í svörum hefur komið fram að lagaheimildir skorti til að borgin geti farið í slíkt átak. Það er mjög alvarlegt. Í umsögn sem birt hefur verið með málinu er sökinni að mestu komið á löggjafann og húseiganda, en eftirlitskerfi borgarinnar er sagt máttlaust. Fulltrúi Flokks fólksins spyr þá hvort borgaryfirvöld hyggist ekki biðja um betri lagaheimildir? Að eftirlitið sé alfarið á könnu ríkisins er varla raunhæft. Svona mál vinnast best hjá þeim sem næst standa og fulltrúi Flokks fólksins telur að borgin geti ekki varpað frá sér ábyrgðinni eins og mál af þessu tagi komi borgaryfirvöldum ekki við. Að borginni snýr ákveðinn veruleiki, vitneskja og meðvitund um að því erfiðari sem húsnæðismarkaðurinn er fátæku fólki aukast líkur þess að fólk finni sér skjól í ósamþykktu, hættulegu húsnæði. Vonandi munu borgaryfirvöld ekki bara sitja með hendur í skauti og vona að það verði ekki annar skaðlegur brunni í eldra húsnæði borgarinnar.

29. Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, um stefnu Strætó varðandi lausagang strætisvagna á biðtíma, umsögn

Mál nr. US200254

Lögð fram umsögn Strætó bs. dags. 13. október 2020.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins spurði um stefnu Strætó hvað viðkemur lausagangi strætisvagna á biðtíma. Svarið við fyrirspurninni vekur nokkrar áhyggjur en í því kemur fram að það sé í raun í hendi bílstjórans, hans ákvörðun, hvort hann drepí á vélinni á biðtíma þ.e. í kyrrstöðu. Kjósi bílstjóri að drepa ekki á vélinni á biðtíma, þá hvað? Bílar í gangi menga mjög mikið. Vissulega er gott að vita að nýjustu vagnar Strætó eru umhverfisvænir raf- og metanvagnar. Oft er ekki drepíð á vögnunum á biðtíma. Vagnar eru samkvæmt sjónarvottum oft í gangi t.d. á skiptistöðvum eins og Spöng og Mjódd og 5 mínútur í lausagangi er verulega langur tími. En gott er að vita að Strætó hefur stefnu m.a. sem kveður á um reglur í þessu sambandi en það þarf kannski að fylgja henni betur eftir, hreinlega að gera athuganir á þessu reglulega. Strætó hefur lagt í kostnað vegna breytinga á Euro 6 vögnum þannig að vél bílsins stöðvast sjálfkrafa eftir 5 mínútna lausagang. Þarf ekki að ganga lengra í slíkum aðgerðum? Strætó á því miður langt í land hvað varðar eldsneytissparnað og mengunarvarnir. Það er einnig nokkuð ljóst að það megi ná fram verulegum sparnaði í eldsneytisnotkun með betri og markvissari akstri

30. Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, um gæðaeftirlit með strætisvögnum, umsögn

Mál nr. US200250

Lögð fram umsögn Strætó bs. dags. 13. október 2020.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins spurði um hvernig gæðaeftirlit með strætisvögnum er háttað. Í svari frá Strætó er ekki betur séð en gott gæðaeftirlit sé með strætisvögnum, í það minnsta eru skýrar reglur um hvernig eftirliti skuli háttað. Það er ábyrgð vagnstjóra að skoða sinn vagn innan og utan og skrá það sem þarf að laga. En hver hefur eftirlit með vagnstjórnum, að þeir sinni þessu hlutverki sínu vel og vandlega? Sennilega má ætla að almennt séð séu strætisvögnum vel við haldið. Nokkrar ábendingar berast þó af og til um að betra viðhalds sé þörf, sem dæmi um að einstaka vagnar aki stundum um eineygðir.

31. Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístafllokks, um greiðslur í gegnum app EasyPark sem áður var Leggja.is - USK2020110008, R20100407

Mál nr. US200405

Lögð er fram fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins sem barst borgarráði þann 29. október 2020 og var vísað til meðferðar skipulags- og samgönguráðs.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

Appið Leggja er orðinn hluti af EasyPark sem er mest notaða bílastæðaapp í Evrópu og er núna komið til Íslands. Hvert fara tekjurnar sem koma inn í gegnum appið vegna greiddra bílastæðagjalda innan Reykjavíkur? Fara þau í bílastæðasjóð eða til fyrirtækis erlendis? Eða skiptist gjaldið á milli fyrirtækisins og Bílastæðasjóðs og hvernig þá?

Vísað til umsagnar umhverfis - og skipulagssviðs, Bílastæðasjóðs.

32. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi tillögu, Mál nr. US200385

Tillaga Flokks fólksins um að hætt verði að birta upplýsingar (bæði nöfn og kenntölur) þeirra sem senda inn athugasemdir, kvartanir eða kærur í dagskrá umhverfis- og skipulagsráðs eða fundargerðir. Fólk sem sendir inn kvörtun/kærur á rétt á því að nöfn þeirra verði trúnaður. Nægjanlegt er að sviðið hafi þessar upplýsingar. Fulltrúa Flokks fólksins finnst þessi birting hvorki þörf né sanngjörn enda ekki víst að birtingin sé með vitund þessara einstaklinga. Fulltrúi fólksins sendi fyrirspurn um málið til Persónuverndar sem hljóðaði svona: Er leyfilegt að birta nöfn þeirra sem kvarta eða senda inn ábendingar í dagskrá skipulags- og samgönguráðs (birta þær opinberlega)? Eftirfarandi svar barst: Persónuvernd bendir á að þann 25. september sl. úrskurðaði Persónuvernd í máli er varðaði birtingu persónuupplýsinga í tengslum við deiliskipulagstillögu. Þar var talið að heimilt hefði verið að birta nafn en ekki kennitölu vegna athugasemda við deiliskipulagstillögu. Lagt var fyrir Reykjavíkurborg að afmá kennitölu kvartanda úr athugasemd hans við deiliskipulagstillögu sem birt er á vefsíðu borgarinnar. Þá var lagt fyrir Reykjavíkurborg að veita framvegis fræðslu í samræmi við 13. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 17. gr. laga nr. 90/2018, vegna fyrirhugaðrar birtingar athugasemda við skipulagstillögur.

Vísað til umsagnar umhverfis - og skipulagssviðs, Skrifstofu sviðsstjóra.

33. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn, Mál nr. US200407

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum um fyrirhugaða mön við Reykjanesbraut/Blesugróf og þá hvernig það mál standi? Íbúar hafa verið að reyna að ná til skipulagsyfirvalda/sviðs til að fá þessar upplýsingar en ekki haft erindi sem erfiði. Eftir því sem fulltrúi Flokks fólksins skilur þá er talsverður hávaði í hverfinu vegna umferðar á Reykjanesbraut og Stekkjarbakka. Eftir því sem næst er komist átti þetta verkefni að vera í forgangi. Spurt er um stöðu verkefnisins og samhliða hvetur fulltrúi Flokks fólksins skrifstofu umhverfis- og skipulagsmála, skipulags- og samgöngustjóra að fara yfir póstin sinn og svara fyrirspurnum og erindum frá borgarbúum sem kunna að hafa gleymst. Því betri viðbrögð og svör sem borgarbúar fá við fyrirspurnum því sjaldnar er þörf á að leita til borgarfulltrúa eftir hjálp við að fá svör. Það eru jú embættismennirnir og starfsfólkið sem hafa svörin en ekki borgarfulltrúar minnihlutans. Minnt er einnig í þessu sambandi á tillögu Flokks fólksins um að bæta vinnubrögð almennt séð við svörun erinda frá borgarbúum

Vísað til umsagnar umhverfis - og skipulagssviðs, Skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar.

34. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi tillögu, Mál nr. US200408

Flokkur fólksins leggur til að skipulagssvið borgarinnar útfæri leiðir/umgengnireglur í samráði við rafskutlaleigur til að fá leigjendur til að ganga frá hjólum þar sem þau skapa ekki hættu. Hjólunum er stundum illa lagt, t. d. á miðja gangstétt þannig að fatlaður einstaklingur í hjólastól eða sjónskertur vegfarandi ýmist kemst ekki fram hjá eða gengur á hjólið. Fólk með barnakerrur lendir einnig í vandræðum með að komast ferðar sinnar. Um 1.100 rafskutlur standa borgarbúum til leigu frá fjórum fyrirtækjum. Fjölga á skutlunum enn meir. Sá ferðamáti sem hér um ræðir hefur rutt sér til rúms í borginni á stuttum tíma. Þetta er góður ferðamáti en enn vantar augljóslega reglur um umgengni. Fylgja þarf lögum í þessu sambandi. Í

lögum er skýrt tekið fram að ekki má skilja við hjól þar sem það getur valdið hættu eða óþarfa óþægindum fyrir aðra í umferðinni. Skýrir rammar þurfa að liggja að baki þessum samgöngutækjum sem öðrum. Hætta er á slysum ef ekkert er að gert og fulltrúi Flokks fólksins hvetur skipulagssvið til að biða ekki eftir þeim áður en tekið er til hendinni við að leysa þetta vandamál.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, Skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar.

35. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram Mál nr. US200412  
svohljóðandi fyrirspurn,

Óskað er eftir að fá allar breytingar á skilmálum þeirra verkefna sem heyrja undir Hagkvæmt húsnæði: <https://reykjavik.is/hagkvaemt-husnaedi> Sérstaklega er óskað eftir að fá lista yfir ívilnandi breytingar á byggingarmagni, kröfum um húsnæði, bílastæði, sorphirðu og fjarlægðum þar að lútandi, aukningu byggingarmagns eða öðrum breytingum frá því að viðkomandi aðilar fengu vilyrði fyrir lóðum.

Frestað.

36. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur Mál nr. US200413  
fram svohljóðandi fyrirspurnir,

Reykjavíkurborg er með áætlanir um Vetrargarð fyrir íbúa Reykjavíkur og nágrennis, við skíðabrekkuna í Jafnaseli. Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir svörum við eftirfarandi fyrirspurnum: 1. Vatnsendahvarf þar sem nýr Vetrargarður á að rísa er einn besti útsýnisstaður borgarinnar og býður upp á möguleika á heillandi útsýnishúsi eða útsýnispalli ásamt viðeigandi þjónustu. Hversu mikið telja skipulagsyfirvöld að hraðbraut, sem kljúfa á Vatnsendahvarf að endilöngu, dragi úr framtíðarmöguleikum Vetrargarðsins og svæðisins í heild? 2. Hver munu áhrif hraðbrautar svo nálægt fyrirhuguðum Vetrargarði verða? 3. Hvernig verða mengunarmál leyst þegar stór gatnamót verða alveg upp við leik og útivistarsvæði sem er að mjög miklu leyti notað af börnum? 4. Umhverfismat fyrir 3. áfanga Arnarnesvegur er eldra en 10 ára gamalt, eða frá 2002, og í ljósi þess er ekki enn útséð hvort Skipulagsstofnun fari fram á nýtt mat. Stendur til að fresta útboði þar til niðurstaða um það liggur fyrir? 5. Tenging við Breiðholtsbraut er nú áætluð með ljósastýrðum gatnamótum en ekki mismögulegum eins og upphaflega umhverfismatið gerði ráð fyrir. Þessi gatnamót munu tefja verulega umferð inn og úr Breiðholti, sem liggur um Breiðholtsbraut. Hvernig hyggjast skipulagsyfirvöld bregðast við því? 6. Vatnsendahvarfið, sem þessi 3. áfangi Arnarnesvegur á að liggja um, er mun grónara en fyrir 18 árum og virði þess sem útivistarsvæðis meira. Þar vex fjölbreyttur gróður og ýmsar tegundir farfugla, svo sem lóur, hrossagaukar og spóar verpa þar á hverju ári. Hvernig hyggjast skipulagsyfirvöld standa vörð um náttúru- og dýralífið á meðan á framkvæmdum stendur og í kjölfar þeirra?

Frestað.

37. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram Mál nr. US200414  
svohljóðandi tillögu,

Lagt er til að skipulags- og samgönguráð samþykki að farið verði í heildarendurskoðun skipulags í Mjódd. Umhverfis- og skipulagssviði verði falið að vinna drög að nýju skipulagi sem taki mið af bættri nýtingu lóða á þessu mikilvæga miðsvæði á höfuðborgarsvæðinu. Í vinnu að bættu skipulagi gefst tækifæri til að vinna að heildarskipulagi og góðum samgöngum á svæðinu ásamt því að efla þennan þjónustukjarna og styrkja þannig Breiðholtið til mikilla muna. Verkefnið verði unnið í samráði við

núverandi lóðarhafa og rekstaraðila á skipulagsvæðinu. Stefnt er að því að drög að nýju skipulagi verði lagt fyrir skipulags- og samgönguráð mars 2021.

Frestað.

38. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn, Mál nr. US200415

Nú eru mál Laugavegur sem göngugata, nýtt deiliskipulag og nærliggjandi reitir lokið í borgarstjórn. Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir að spyrja hvort borgaryfirvöld hyggjast bæta þeim rekstraraðilum sem urðu fyrir rekstrarlegu áfalli í kjölfar lokunar bílaumferðar á svæðinu? Minnt er á að yfirvöld ætluðu að opna aftur götur fyrir umferð eftir sumarlokun en það loforð var svikið. Allt þetta mál hefur verið erfitt og greiddi fulltrúi Flokks fólksins atkvæði gegn því, ekki vegna þess að hann er á móti göngugötum sem slíkum heldur vegna þeirrar aðferðafræði sem skipulagsyfyrvöld í borginni hefur notað við að keyra áfram deiliskipulagið þrátt fyrir mótmæli stórs hóps hagaðila og einnig margra borgarbúa. Skipulagsyfyrvöldum hefði verið í lófa lagið að hafa samstarf við hagaðila varðandi hugmyndir um göngugötur, lokun umferðar og hvort, hvenær og með hvaða hætti þessar breytingar gætu orðið þannig að þær myndu ekki skaða rekstur verslana á svæðinu eins og raun bar vitni. Þjóða hefði átt hagaðilum að vera þátttakendum í ákvarðanatöku og ferlinu frá byrjun enda miklir hagsmunir í húfi. Það sem eftir situr er galtómur miðbær með tugi lausra rýma. Aðeins brot af lausum rýmum má rekja til COVID-19.

Frestað.

- Kl. 12:32 vikur Vigdís Hauksdóttir af fundi.

**Fleira gerðist ekki.  
Fundir slitið kl. 12:43**

**Fundargerðin lesin yfir og undirrituð**

Pawel Bartoszek

Alexandra Briem  
Ragna Sigurðardóttir  
Katrín Atladóttir

Hjálmar Sveinsson  
Hildur Björnsdóttir  
Eyþór Laxdal Arnalds

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur  
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp  
borgarstjórnar**

Árið 2020, þriðjudaginn 3. nóvember kl. 10:10 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1089. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Erla Bjarný Jónsdóttir, Nikulás Úlfar Másson, Jón Hafberg Björnsson, Edda Þórsdóttir og Olga Hrund Sverrisdóttir. Fundarritari var Erla Bjarný Jónsdóttir.

**Þetta gerðist:**

**Nýjar/br. fasteignir**

1. Austurstræti 4 (11.404.02) 100845 Mál nr. BN058392  
650269-6839 Thorvaldsensfélagið, Austurstræti 4, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja eina hæð ofan á viðbyggingu í bakgarði mhl.02 og gera flóttaleið af 2. hæð húss á lóð nr. 4 við Austurstræti.  
Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 27. október 2020, umsögn Minjastofnunar dags. 30. júní 2020, afrit af tölvupósti frá Minjastofnun dags 6. október 2020 og yfirlit yfir breytingar. Umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 29. október 2020.  
Stækkun: 15,3 ferm., 42,5 rúmm.  
Gjald kr. 11.200  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
2. Álakvísl 1-7 (42.330.01) 110857 Mál nr. BN058372  
250757-3449 Viktoría Áskelsdóttir, Álakvísl 7B, 110 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að setja útloftunartúðu í útvegg íbúðar á 2. hæð í húsi á lóð nr. 7B við Álakvísl.  
Gjald kr. 11.200  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
3. Barmahlíð 43 (01.710.019) 107134 Mál nr. BN057181  
490312-0480 Barmahlíð 43-45, húsfélag, Barmahlíð 43, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta svölum á fyrstu og annarri hæð, setja á þær handrið, koma fyrir tveimur þakgluggum á suðurhlið, tveimur á norðurhlið og einum á austurhlið, koma fyrir dyrum úr stofu kjallaraíbúðar út í garð á suðurhlið, sambærilegar við svaladyr á hæðum fyrir ofan, yfirborð garðsins er lækkað fyrir framan dyrnar auk þess sem gerð er grein fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi íbúða, í hús á lóð nr. 43 við Barmahlíð.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 28. ágúst 2020 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. ágúst 2020. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 31. ágúst 2020.  
Erindi fylgir tölvupóstur eigenda dags. 24. ágúst 2020 þar sem hætt er við að stækka svalir, samþykki meðeigenda dags. 17 september 2020, umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 21 september 2020.  
Gjald kr. 11.200  
Frestað.  
Lagfæra skráningu.
4. Barmahlíð 45 (01.710.020) 107135 Mál nr. BN057258  
211068-2489 Jeannot A Tsirenge, Fellsmúli 15, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta svölum á fyrstu og annarri hæð, setja á þær handrið, koma fyrir tveimur þakgluggum á suðurhlið, tveimur á norðurhlið og einum á austurhlið, koma fyrir hurð úr stofu kjallaraíbúðar út í garð á suðurhlið, sambærilegar við svaladyr á hæðum fyrir ofan, yfirborð garðsins er lækkað fyrir

framan dyrnar auk þess sem gerð er grein fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi íbúða, í hús á lóð nr. 45 við Barmahlíð.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 28. ágúst 2020 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. ágúst 2020. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 31. ágúst 2020

Erindi fylgir umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 21 september 2020, tölvupóstur eigenda dags. 24. ágúst 2020 þar sem hætt er við að stækka svalir.

Gjald kr. 11.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

5. Bræðraborgarst 39-41 (01.139.122) 100765 Mál nr. BN057546

450161-0129 Farkostur ehf, Síðumúla 34, 108 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að fjarlægja kvist og byggja nýjan stærri sem og breyta innra skipulagi í rishæð húss nr. 39 á lóð nr. 39-41 við Bræðraborgarstíg.

Erindi fylgir afrit af innsendum teikningum í A4.

Stækkun: 16,3 ferm., 60,4 rúmm.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Vísað til athugasemda.

6. Bæjarháls 1 (43.096.01) 190769 Mál nr. BN058226

551298-3029 Orkuveita Reykjavíkur, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi á hluta 1. hæðar og þar m.a. komið fyrir milligólfi fyrir loftræstingu og til þess að koma fyrir flóttasvölum á vestur- og norðausturhlíðum iðnaðarhúss, mhl.08, á lóð nr. 1 við Bæjarháls.

Stækkun: 56.4 ferm., minnkun: 9.3 rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti af uppdráttum samþykktum 24. júní 2014.

Gjald kr. 11.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

7. Eddufell 2-8 (46.830.09) 112308 Mál nr. BN058311

521015-1520 Óshæð ehf., Bergsmára 13, 201 Kópavogur

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum þar sem innréttu sólbaðstofu með 5 ljósabekkjum á 2. hæð og setja handrið út á skyggni, á norðurhlíð á húsi á lóð nr. 2 við Eddufell.

Erindi fylgir samþykki sumra eigenda fylgir á teikningu dags. 21. október 2020, tölvupóstur frá hönnuði til skýringar á vöntun á samþykki eins íbúðareiganda, dags 2. nóvember 2020 og tölvupóstur frá hönnuði vegna áður gerðra breytinga, dags. 2. nóvember 2020.

Gjald kr. 11.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

